

KJARVAL

20% afsláttur

675 KR. KG
Fjörfiskur ýsuflök roð- og beinlaus

499 KR. KG
Lambasneiðar úr framhygg

40% afsláttur

169 KR. KG
Móa kjúklinga-vængir

34% afsláttur

399 KR. KG
Móa kjúklinga-leggir

Með fylltum kanti

329 KR. STL
Freschetta XL pizzur 4 teg.

129 KR. STL
Myllu heimilis-brauð 1/1

23% afsláttur

289 KR. KG
KEA bjúgu

2 lítrar

99 KR. STL
Fanta 2 lítrar

31% afsláttur

699 KR. KG
Nauta- og lambahakk

9 rúllur

599 KR. PK.
Charmin salernis-rúllur 9 stk.

2 lítrar

249 KR. STL
HD 100% ávaxtasafi 3 teg.

139 KR. STL
Ananas

169 KR. PK.
Best Bite snakk 2 teg.

269 KR. KG
Plómur

- Frábært vöruúrval, frábært verð -

VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum



Félagsferð Sindra 2007

Ertu nokkuð að gleyma að skrá þig í félagsferðina?????

Skráningu lýkur í kvöld!!!!

Nánari upplýsingar og skráningar (bæði í ferðina eða matinn) eru hjá eftirtöldum:

Atla sími 8694818
Birnu sími 4871369
Hafðísi sími 4871425
Láru sími 8634310

Fyrir hönd hestamannafélagsins Sindra
Ferða og fræðslunefnd

<http://hmf-sindri.bloggar.is/blogg/>

VITINN á www.sudurland.net

Afmæli

Guðni bóndi í Þórisholti er 50 ára fimmtudaginn 9. ágúst n.k.

Af því tilefni býður hann vinum og ættingjum til afmælisfagnadar að Þórisholti laugardaginn 11. ágúst frá kl 19.00.

Hljólegur klæðnaður nauðsynlegur.

Tjaldstæði í túnfætinum fyrir þá sem vilja.

VÍSUR VIKUNNAR

Langt er síðan lék ég hér, lífs með engan dofa, fúnir undir fótum mér frændur og vinir sofa.

Árla tek ég fótafum, faðir góði, sjá minn hag, Hefur þú ekkert hugsað um hvað ég skuli éta í dag.

Höf. Hjálmar Jónsson í Bólu í Blönduhlíð, Skag. f.1796 - d.1875

30. TBL. 11. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 8. ÁGÚST 2007

Hestaþing Kóps

Hestaþing Kóps verður haldið á Sólvöllum laugardaginn 11. ágúst nk. Mótið hefst kl. 9:00 með forkeppni í gæðingakeppni og opnu tölti.

Keppnisgreinar á mótinu ef næg þátttaka fæst eru eftirfarandi:

A- og B- flokkur gæðinga, barna- og unglingsflokkur og opin óformleg töltkeppni (II. mót), 150 m skeið, 100 m skeið með fljótandi starti (II. mót), 300 m stökk og 300 m brokk.

Dagskráin verður eftirfarandi:

- | | |
|------|-----------------|
| 9:00 | Forkeppni |
| - | B-flokkur |
| - | Barna-flokkur |
| - | Unglingsflokkur |
| - | A-flokkur |
| - | Opið tölt |

14:00 Hópreið
Kappreiðar

Úrslit í A- og B-flokki, barna- og unglingsflokki og opnu tölti.



Farið verður eftir lögum og reglugerðum Landsambands hestamannafélaga en þau er hægt að nálgast á heimasíðunni www.lhestar.is. Þeir fáu sem enn eiga eftir að greiða árgjald vegna ársins 2006 er bent á að gera það hið fyrsta annars hafa þeir ekki rétt til að keppa á vegum félagsins.

Aðgangseyrir á mótið er kr. 1000 og frítt fyrir börn 12 ára og yngri.

Þátttökuskráning fer fram hjá Fanney Ólöfu í síma 487-4888/894-1560 og Jóni Geir 487-1427/855-5427.

Síðasti skráningardagur er fimmtudagur 9. ágúst fyrir kl. 21:00.

Hestamannadansleikur Kóps

Verður haldinn laugardagskvöldið 11. ágúst í Félagsheimilinu Tunguseli og Hljómsveit Helgu Möllur spilar. Dansleikurinn stendur frá 00:00 til 03:00.

Aðgangseyrir er kr. 2000 og athuga þarf að engin posi verður, hvorki á dansleik né móti. Aldurstakmark á dansleik er 16 ára á árinu.

Stjórnin

Úr Læknablaðinu 1. tbl. 86 árg. 2000

Gömul læknisráð:
"Tönnin græðir, en tungan særir"

Að setja tóbak í veika tönn virðist vera það ráð við tannþínu sem var best þekkt á fyrri hluta aldarinnar, en auk þess voru notuð efni af ýmsu tagi til dæmis kamfórudropar, kreósót, karbólvatn, joð, kogaraspritt og efni sem kallað var dentín eða tanndropar og fékkst að minnsta kosti til skamms tíma. "Þegar hola var komin í tönn var hún þvegin með bómull á eldspýtuenda úr kogerspritti, tanndropar settir í bómull og troðið í holuna," segir einn heimildarmanna.

Og svo voru mun "óvísindalegrí" aðferðir. Vestfirskur heimildarmaður segir:

"Tannþína þótti jafnan mjög hvimleiður sjúkdómur. Ótal ráð voru reynd við að lina þrautir þeirra er hana fengu. Eflaust er elsta ráðið sem lifði í trú fólks, að lækna mætti tannþínu með því að grafa ofan í vígða mold, þ.e. leiði í kirkjugarði, og taka þar mold og láta hana síðan ofan í tannholuna, en all mikið mun sú trú hafa verið farin að dofna í lok 19. aldar. En víst voru ótal ráð reynd svo sem bakstrar, bæði heitir og kaldir, plástrar, tóbak og þótti tóbakssósa stundum hafa svíandi áhrif er hún var látin ofan í tönnina, en það olli ógleði og jafnvel uppsölu. Einnig voru grafnar upp jurtarætur er voru mjög beiskar, soðnar saman í mauk og haft í munn sér, má þar til nefna blóðbergsrætur, njólarætur, hvannarætur er voru mjög súrar og beiskar. Mun þetta sums staðar hafa verið tekið að haustinu og soðið saman á ýmsan hátt og blandað jafnvel tóbakssósu í. Varð þetta þykkur lögur sem varla rann. Var þetta látið í teskeið ofan í tönnina og þótti oft gefa bata eða lina verki."

Þá voru ráð sem höfðu það meðal annars að markmiði að dreifa huga sjúklingsins eða valda honum sterkum kenndum, til dæmis að reykja pípu þangað til mönnum varð

óglatt eða féllu í rot, að drekka mikið brennivín eða tyggja munntóbak þangað til menn, einkum þeir sem óvanir voru, fengu uppköst og svima. Urðu menn þá oft örmagna og sofnuðu á eftir.

Í sumum sveitum drógu laghentir menn úr tennur með sérstökum tögum, tanntögum, þegar mikið lá við og ekki náðist í lækni. Það var nefnt að prestar hefðu stundum haft slíkar tengur til að grípa til í neyð. Og einstaka harðjaxlar fengu sterka menn til að kippa úr sér veikum tönnum með naglbít. Þá var til að menn drægju tennur úr sér sjálfir með bandi. Hér eru að lokum tvær sögur af slíku:

"Það var brugðið seglgarni utan um sjúku tönnina, hinum endanum var vafið um hönd sér, síðan settist maðurinn á rúm og réri fram í gráðið, þá tók hann bakfall, stríkkaði þá snögglega á garninu og gátu sumir þannig losnað við sjúku tönnina, en aðrir sátu með hana eftir sem áður."

"Ég man eftir því að móðir mín dró úr sér tönn. Hún brá lykkju af sterku bindigarni um tönnina, annarri lykkju um rúmstólpann og hviss, hún kipti snöggt í, og búið, hrossaðferð."

Á léttu nótonum.....

Ungur maður sem réð sig sem leiðbeinanda í gagnfræðaskóla var orðinn ansi þreyttur á nemendum sínum eftir fyrstu vikuna. Í einum tímanum, þegar honum þótti börnin sína takmarkaða færni, sagði hann: „Mig langar að biðja alla þá sem eru heimskir að standa upp.“ Enginn stóð upp og eftir mínútu þögn sagði leiðbeinandinn: „Hvað er að ske, eruð þið öll vitringar?“ Þá stóð einn ungur piltur upp og kennarinn spurði: „Svo þú telur þig heimskan?“ Drengurinn svaraði: „Nei, ég bara vorkenndi þér að standa þarna einn.“



Verkalýðsfélag Suðurlands auglýsir sumarlokun skrifstofu !

Skrifstofa félagsins að Suðurlandsvegi 3 á Hellu verður lokað frá og með 25 júlí til og með 13 ágúst.

Opið verður 30, 31 júlí vegna afgreiðslu Launa, sjúkrabóta og styrkja . Þann tíma sem lokað er verður varaformaður félagsins á síma vaktinni og svarar fyrirspurnum í síma félagsins **487 5000**.



Tveir þýskir ferðamenn veltu húsbíl sínum á veginum suður á Dyrhólaey sl. laugardag. Ekki var um mætingu að ræða og engin slys urðu á mönnum.

Mynd: Bryndís Harðardóttir.

Starfsfólk óskast í ræstingu sem fyrst

í verslunina Kjarval í Vík

Uppl. í síma 487 1325

eða hjá verslunarstjóra 822 7048

Aldarafmæli


Kær frænka mín, Auðbjörg Jónsdóttir, fyllir tíunda áratuginn í dag, en Auðbjörg fæddist hér á Skeiðflöt 8. ágúst 1907.

Foreldrar hennar voru Guðrún Markúsdóttir frá Syðra-Velli í Gaulverjabæjarhreppi og Jón Jónsson, frá Kárhólum í Mýrdal, seinni maður hennar. Með honum átti hún auk Auðbjargar, Grímheiði, Markús, Guðjón og Helga. Með Grími Einarssyni, frá Steig, seinni manni sínum, átti Guðrún, þau Kristófer, Magréti og Ólaf (föður minn).

Skömmu eftir tvítugsaldurinn hleypti Auðbjörg heimdraganum og fór til starfa í Reykjavík þar sem hún vann um fjölda ára sem afgreiðslustúlka hjá Mjólkursamsölunni, lengst af sem forstöðukona.

Í Reykjavík kynntist hún mannsefni sínu, Jóni Péturssyni, strætisvagnabílstjóra, ættuðum af Vatnsleysuströndinni, hann var einn stofnenda strætisvagna Reykjavíkur. Þau gengu í hjónaband 17. október 1931. Með honum eignaðist hún tvo syni, Guðjón Heiðar, vélstjóra, (lengst af hjá

Áburðarverksmiðjunni), kvæntur Kristínu Ólafsdóttur, og Ólaf Þorstein, óperusöngvara í Þýskalandi, kvæntur Jóhönnu Sigursveinsdóttur frá Norður-Fossi í Mýrdal. Afkomendur Auðbjargar eru ellefu. Mann sinn missti hún eftir stutta sambúð árið 1937. Eftir það hélt hún heimili með systkinum sínum, þeim Markúsi og Grímheiði, en þau voru bæði einhleyp. Þá bjó Guðrún móðir hennar hjá henni eftir að hún flutti úr Mýrdalnum.



**Auðbjörg á 90 ára afmælisdaginn fyrir
framan Safnaðarheimili Laugarneskirkju.**

Lengst af bjó Auðbjörg á Silfurteigi 4, þar sem bræður hennar, Markús og Kristófer, ásamt þremur sonum Kristófers, byggðu saman hús fyrir þessar fimm fjölskyldur. Það var barnmargt á Silfurteignum á sjötta áratugnum, 10 börn öll á svipuðum



Auðbjörg ásamt manni sínum Jóni Péturssyni

aldri, en aldrei varð ég var við annað en gott samkomulag hjá þessum stóra barna-hópi. Aldrei kom annað til greina en að gista hjá Auðbjörgu frænku þegar farið var í höfuðborgina, og þó húsrýmið væri ekki stórt var hjartarúmið þeim mun stærra.

Þegar Auðbjörg hætti að vinna úti, eins og sagt er, fór hún að helga sig málefnum aldraðra og aðhlyningu þeirra. Hún nánast fórnaði sér árum saman fyrir sjúka og aldraða með heimsóknum og með því að lesa fyrir fólkið og spjalla við það. Lengi fór hún reglulega á Hrafnistu þessara erinda og til að vinna að föndri með fólkinu.

Á níraðisafmæli Auðbjargar kom fram í máli manna hennar fórnfúsa starf, m.a. í máli sóknarprests Laugarnessóknar, sem kvað hana hafa unnið ómetanlegt starf fyrir kirkju og safnaðarheimili, sem hún barðist fyrir að kæmi við kirkjuna, ásamt fjölda annara kvenna í sókninni. Í sama streng tóku formaður sóknarnefndar og kvenfélags. Það var bakað og bakað í basarsölu, það voru sett upp leikrit og leikin til fjáröflunar fyrir málefnið. Það var því vel við hæfi að hún héldi upp á afmælið í Safnaðarheimilinu, sem hún átti svo stóran þátt í að koma á lagginnar.

Í íbúðinni sinni á Silfurteig 4 bjó Auðbjörg til ársins 2001, er hún flutti á Hrafnistu, var þá búin að búa ein frá árinu 1985 þegar Grímheiður systir hennar lést. Þar tók hún að sjálfsögðu strax vel heima, enda þar hnútum og vistfólki kunnug, og áfram hélt hún að syngja með fólkinu, fara með ljóð og sögur og spjalla, alltaf á sömu jákvæðu nótonum.

Auðbjörg hefur verið einstaklega heilsuhraust alla tíð, varð varla misdægurt fram á níraðtt, nema fæturnir fóru að gefa sig þegar kom fram á tíðræðisaldurinn.

En nú fyrir fáeinum dögum varð hún fyrir því óhappi að mjaðmagrindarbrotna, en andinn er ennþá ungur.

Segja má að það hafi verið aðalsmerki Auðbjargar alla tíð, þessi drífandi atorka, óþrjótandi greiðasemi og léttá jákvæða lundin, sem gefið hefur mönnum aukna bjartsýni á lífið og tilveruna.

Kæra frænka mín, um leið og ég sendi þér hugheilar haminjuóskir í tilefni þessara merku tímamóta, vil ég færa þér alúðarpakkir okkar á Skeiðflöt fyrir órofa tryggð, greiðasemi og velvilja frá fyrstu tíð.

Líði þér sem best.

**Þess óskar þinn frændi
Eypór Ólafsson og fjölskylda.**

Kvæðið um fuglana

Snert hörpu mína himinborna dís,
Svo hluti englar guðs í Paradís.
Við götu mína fann ég fjarlarstúf
Og festi á hann streng og rauðan skúf.

Þeir geta sumir synt á læk og tjörn.
Og sumir verða allaf litil börn.
En sólin gyllir sund og bláan fjörð.
Og sameinar með töfrum loft og Jörð

Sá einn er skáld, sem skilur fuglamál,
Og skærast hljómar það í barnsins sál.
Hann saurar aldrei söngsins helu vé,
Hann syngur líf í smiðjumó og tré.

Svo græt mín þá, mín góða heilladís,
Sem gleður skáldin meðan dagur rís.
Þú gafst mér þrá, svo ég telgt með hníf.
Ó gefðu mínum dauðu fuglum líf.

Ef fuglar mínir fengju vængja mátt.
Þá fljúga þeir um loftið draumablátt.
Og þér,sem hæst í himnasölum býrð,
Skal helgað þeirra flug og söngva dýrð.

Höfundur Davíð Stefánsson frá Fagraskógi

SÖGUR AF HALLGRÍMI PÉTURSSYNI

Hallgrímur kveður til stúlku

Séra Hallgrímur Pétursson var kraftaskáld. Einu sinni var hann á ferð upp í Borgarfirði og kom þar að einum stórbæ og var þar um nótt. Hann var hvurki fríður né ríkmannlega til fara. Yngisstúlka þar á bænum fór að færa spott að honum um kvöldið. Hann sat á rúmi móts við hana. Þá kvað hann:

Horfi ég nú á hendina á þér
og hana fyrir mér virði.
Enginn er sú sem af henni ber
í öllum Borgarfirði.

En eignast muntu argan þræl
sem ekki er skóþvengs virði.
Hvorki muntu heil né sæl
hér í Borgarfirði.

Hann sá að reiðisvipur kom á stúlkuna. Þá bætti hann við:

Vékstu fyrri vondu að mér,
víf, en góðu eigi.
Enginn maður unni þér
upp frá þessum degi.

Hún hafði síðan enga eirð né ró í Borgarfirði. Var henni ráðlagt að fara þaðan og það gjörði hún, en aldrei varð hún vinsæl upp frá því og maðurinn hennar varð böðull og voru í þá daga hafðir til þess ómerkilegir menn.

TILBERAR

Svo er sagt að sumar konur hafi gjört sér tilbera eða snakk svo þær gæti safnað meira smjöri. Til þess höfðu þær mannsrif, vöfðu um það gráum flóka. Þetta höfðu þær í barmi sínum þegar þær gengu til altaris, og þegar þær þóttust vera að gjöra bæn sína eftir bergingu voru þær raunar undir klútunum að spýta

víninu í þetta. Þá kom nokkurs konar líf í þetta. Það varð eins og uppblásinn belgur aflangur með sinn kjaft á hvorum enda. Þetta gátu þær sent hvurt þær vildu og var það helzt til að sjúga annara manna kýr. Það veltist áfram þangað til það kom að kúnni; þá hoppaði það upp á malir hennar og lagðist þar þversum og teygði sig svo mikið að það náði báðumegin niður fyrir kúna og saug svo sinn spena með hvorum kjafti. Tilberinn saug svo eina kú eftir aðra þangað til hann var orðinn fullur. Þá veltist hann heim til mömmu sinnar og sagði við hana (því tilberar töluðu): "Af munnagjörðina, mamma."

Þá lét hún hann gubba í strokkinn sinn og varð það sem úr honum kom næstum allt að smjöri. En ef maður risti kross í það smjör varð það að "karmolum" sem eins og hreyttust út um allt. Þær kýr sem tilberi saug urðu næstum geldar eftir.

Þórður Þorkelsson bróðir Jóns biskups Vídalíns sá einu sinni tilbera þar sem hann var á ferð. Hann hljóp til hans og ætlaði að taka hann, en náði honum ekki, svo veltist hann hart, en ekki þó harðara en svo að hann var alltaf skammt fyrir framan tærnar á Þórði. Þórður elti hann þar til hann flúði til mömmu sinnar og smaug upp undir pilsfaldinn hennar; það var meiri háttar kona. Þórður vissi ekki hvaðan á hann stóð veðrið og sagði við hana: "Ertú soddan ein kona? Það hafði ég aldrei ímyndað mér."

Hún skammaðist sín og sagði ekkert, en Þórður sá svo um að hún átti ekki tilberann lengur.

(Þjóðsagnasafn Jóns Árnasonar)

